

Samtök ferðapjónustunnar

Borgartún 35
105 Reykjavík
Sími: 511 8000
Símbref: 511 8008
www.saf.is
Netfang: info@saf.is

Alþingi
Erindi nr. P 131/1550
komudagur 25. 4. 2005
/ /



Efnahags og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndarsviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 25. apríl 2005

Efni: Frumvarp til laga um fjáröflun til vegagerðar – uppgjör þungaskatts. 720. mál.

Samtök ferðapjónustunnar hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar og lýsa furðu sinni á þeim vinnubrögðum sem þar koma fram. Svo virðist sem hópþreifreiðar yfir 10.000 kg hafi hreinlega gleymst við gerð frumvarpsins en samkvæmt 13. grein laga um olúgjald eru þær undanþegnar mælagjaldi. Er hér komið gott dæmi um hvernig hópþreifreiðar vilja gleymast sé ekki stöðugt verið að minna á þær.

Samtökin vilja nota tækifærið og ítreka enn aftur þá skoðun sína að upphæð olúgjalds sé of há. Við undirbúning frumvarpsins var gert ráð fyrir að með því að sleppa hópþreifreiðum þyngri en 10.000 kg við mælagjald væri komið til móts við þá staðreynd að hópþreifreiðar geta ekki nýtt þann virðisaukaskatt sem leggst á olúgjaldið. Þeir útreikningar byggðu á að olúgjaldið væri 36,50 krónur. Við frekari vinnslu málsins var olúgjaldið hækkað í 45 krónur eða um rúm 23 % en engar breytingar voru gerðar til að koma til móts við þessa hækkun gagnvart hópþreifreiðum. Þar sem mælagjaldið var lækkað jafnaðist breytingin út hjá öðrum rekstraraðilum auk þess sem vsk þátturinn fellur út.

Kemur þessi hækkun nú grimmilega fram á rekstraraðilum hópþreifreiða eins og tafla hér að neðan sýnir þar sem tölur nokkurra fyrirtæka innan samtakanna eru dregnar fram. Sýna þær greiddan þungaskatt á síðasta ári samanborið við hvert olúgjald væri miðað við það magn eldsneytis sem fyrirtækin notuðu á síðasta ári. Lítillegur munur er milli einstakra fyrirtækja eftir samsetningu bílaflota og verkefnum, en í öllum tilfellum er um að ræða kostnaðarhækkun upp á milljónir. Kostnaðarhækkunir sem leggjast þyngra á þessi fyrirtæki en flest önnur.

Sýnir þessi mikla hækkun enn frekar að þörf er á að skoða rekstrarumhverfi greinarinnar heildstætt. Fyrirtækin eru öll í harðri samkeppni bæði á innlendum markaði og ekki síður í þjónustu við erlenda kaupenda ferðapjónustu. Eins og gengisstaða krónunnar er þá er ekki nokkur leið til að varpa kostnaðarhækkunum sem þessum út í verðlagið.

Kostnaðaraukning vegna olíugjalds á ársgrundvelli


	SBA-Norðurleið	Guðmundur Jónasson hf.	Kynnisferðir - Austurleið	Hópbílar	Snæland Grímsson ehf
Olíukaup árið 2004 (lítrar)	567.263	236.866	1.103.554	387.400	111.643
Olíugjald sem að hefði verið greitt skv. tilvonandi kerfi:					
Olíugjald kr.	25.526.835	10.658.970	49.659.930	17.433.000	5.023.935
VSK af olíugj.	6.254.075	2.611.448	12.166.683	4.271.085	1.230.864
Samtals olíugj. m. vsk	31.780.910	13.270.418	61.826.613	21.704.085	6.254.799
Samtals þungaskattur árið 2004:					
	22.700.576	7.771.731	44.567.183	13.266.295	4.118.542
Kostnaðaraukning vegna olíugjalds:					
	9.080.334	5.498.687	17.259.430	8.437.790	2.136.257
Í prósentum	40%	71%	39%	64%	52%

Samtökin skora því á nefndina að taka upp lög um olíugjald og lækka gjaldið þannig að fyrirtækin þurfi ekki að líða fyrir þetta breytta skattheimtuform og að markmið laganna náist, sem það gerir ekki ef díselolía er verulega dýrari en bensín.

Samtökin eru að sjálfsgöðu reiðubúin til að koma á fund nefndarinnar sé þess óskað og skýra frekar sjónarmið sín í þessu máli.

Virðingarfyllst

Fh. Samtaka ferðapjónustunnar



Þorleifur Þór Jónsson
hagfræðingur